



Stóra Laxá R3141A

Helgi Bjarnason
16. mars 2015

Vatnasvið Stóru Laxár og afmarkað rannsóknarsvæði samkvæmt rannsóknarleyfi.




Staða rannsókna og undirbúnings

- Rannsóknarleyfi var útgefið árið 2012 og tók til vatnasviðs árinna ofan Hrunakróks. Gildir til 2017.
- Frumgögn voru ófullkomin, kortagögn voru nánast engin og rennslismælingar fáar. Áhersla var lögð á að lagfæra þessi atriði á árunum 2012-2013..
- Vettvangsrannsóknir jarðfræðinga hófust árið 2013 og hafa skilað miklu. Aðkoma að svæðinu var auðvelduð með bættum vegslóðum.
- Kjarnaboranir á hugsanlegri jarðgangaleið fóru fram á árinu 2014 og verður lokið árið 2015.
- Umhverfissrannsóknir á svæðinu hófust árið 2014. Sjá síðar hér á eftir.
- Kynningar hafa verið haldnar fyrir sveitastjórnnum og afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða og farið hefur verið um svæðið með hagsmunaaðilum til að fá álit þeirra. Samráð um útfærslu virkjunar og slóðagerð haft við þessa aðila.

Tilhögun virkjunar.

- Stóra Laxá er stífluð nokkru ofan ármóta við Leirá neðan Helgaskála. Leirá er veitt um 4,5 km langan skurð að veitulóni í farvegi Stóru Laxár við Helgaskála.
- Úr veitulóni er vatni veitt um veituskurð inn í Illaver þar sem miðlunarlón virkjunar er fyrirhugað. Lónið myndast með stíflu efst í Illagili og tveimur minni hliðarstíflum.
- Illaverslón er um 6,7 km² að flatarmáli og lónrými verður um 50 Gl.
- Frá inntaki vestan Illagils verða annaðhvort hallandi jarðgöng að neðanjarðar stöðvarhúsi og þaðan frárennslisgöng að útrás ofan ármóta Laxár og Skillandsár, eða urðuð þrýstipípa niður Kóngsás að stöðvarhúsi við ármót ána.
- Virkjað rennsli verður um 15 m³/sek og fallhæð 235-245 m.



Helstu kennitölur


Uppsett afl (MW)	30-35
Orkugeta (GWh/ár)	180-200
Nýtingartími (klst./ár)	5-6000
Meðalrennsli til virkjunar (m ³ /s)	13,5
Vatnasvið (km ²)	355
Vatnshæð inntakslóns (m y.s.)	445
Heildarflatarmál lóna (km ²)	8,0
Þar af Illaverslón	6,4
Miðlun (GI)	50
Lengd aðrennslisskurða (km)	6,1
Lengd frárennslisskurða (km)	0,1
Lengd aðrennslisganga (km)	2,1
Lengd frárennslisganga (km)	2,5
Lengd stíflu (m)	2500
Mesta hæð stíflu (m)	18
Fallhæð (m)	235
Virkjað rennsli (m ³ /s)	15-18
Kostnaðarflokkur	Óviss

Horft yfir neðra virkjunarsvæði Stóru-Laxár.



Dreifin innrennslis til lóns í Illaveri

Rennslismælingar byggjast á reiknuðum gildum frá mæli við Stórhyl fyrir árin 1969-2008.



Syðsti hluti af
áætluðu lónstæði í
Illaveri.



Horft af Kóngsási

Skillandsá til vinstri og
Stóra Laxá fjær.



Ármót Laxár og Leirár



Helstu umhverfisáhrif virkjunar

- Gróður: Nokkur gróður í Illaveri mun fara undir vatn. Ekki er mikill gróður þar sem reiknað er með skurðum og öðrum mannvirkjum.
- Fuglalíf: Illaverslón mun hafa áhrif á mófugla en á móti kemur að lón á þessum stað mun geta bætt aðstöðu gæsa og álfta.
- Vatnalíf: Rennsli í Laxárgljúfrum mun breytast mikið en haldið verður stöðugu lágmarks rennsli í gljúfrunum til viðhalds vatnalífríkis þar.
- Vatnafar: Rennsli Stóru Laxár neðan virkjunar mun jafnast mikið en áin er þekkt fyrir vor og haustflóð.

Helstu umhverfisáhrif virkjunar

- Jarðmyndanir: Lítil áhrif á jarðmyndanir.
- Landslag: Miðlunarlón og mannvirki breyta ásýnd svæðisins eitthvað. Skurður austan Leirár og stífla í Stóru Laxá neðan Helgaskála breytir svæðinu og rennsli árinna.
- Ferðamennska: Aðgengi að svæðinu austan Laxárgljúfra batnar ásamt því að leið inn á línuveg batnar.
- Setmyndun og aurburður: Ekki er reiknað með neinni setmyndun í lóni, Stóra Laxá og Leira eru dragár, botnskrið þeirra verður skoðað síðar.
- Fornminjar: Ekki er vitað um fornleifar á svæðinu.

- **Staða núverandi rannsókna:**
- Gróðurfar: Samið var við Náttúrufræðistofnun árið 2014 um gróðurfarsúttekt. Lýkur haustið 2015.
- Fuglalíf: Samið um úttekt á fuglalífi sem fer fram vor og sumar 2015.
- Vatnalíf: Samið var 2014 við VMST um úttekt á vatnalífi á vatnasviðinu með áherslu á árfarveg frá veitulóni að útfalli virkjunar. Verður lokið vorið 2015.
- Vatnafar: Úttekt og mælingar verða gerð á náttúrlegu aðrennsli af vatnasviðinu neðan við veitustíflu 2015 til að skoða náttúrlegt innrennsli.

- Jarðmyndanir: Fjallað verður um jarðmyndanir í skýrslu jarðfræðinga um svæðið haustið 2015.
- Landslag og ferðamennska: Gerð verður úttekt á áhrifum virkjunar á þessa þætti sumarið 2015 og skilað greinargerð um hana haustið 2015.
- Fornminjar: Samið hefur verið um úttekt og rannsókn á þekktum fornleifum á svæðinu sumarið 2015.
- **Greinargerðum um niðurstöður ofangreindra rannsókna verður skilað í sérstakri skýrslu til verkefnisstjórnar (faghópa) í október 2015**

Heimildir, niðurstöður rannsókna og önnur gögn

- EFLA verkfræðistofa, febrúar 2014, Stóra Laxá, Rannsóknir vegna frumhönnunar.
- EFLA/ISOR, maí 2014, Stóra-Laxá – Illagil, Bergrunnskort 1:10.000.
- Veðurstofa Íslands, 2009, Líkanreiknaðar rennslisraðir á vatnasviðum Stóru Laxár og Rangár í Fellum.
- Verkfræðistofa Suðurlands, 2012, Stóra Laxá, Mögulegur virkjanakostur við Geldingafell og Illaver.
- Skýrsla með greinargerðum um niðurstöður rannsókna á árunum 2013-2015. (væntanleg í október 2015)